



12. fundur stjórnar Byggðasafns Árnésinga var haldinn mánudaginn 26. ágúst 2024 kl. 17 í sal Búðarstígs 22 á Eyrarbakka. Fundinn sátu Sandra Sigurðardóttir formaður, Þórhildur Dröfn Ingvadóttir varaformaður og Árni Eiríksson ritari. Fundinn sat einnig Lýður Pálsson safnstjóri sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.

1. Rekstur Byggðasafns Árnésinga 1.1.-30.6 2024. Yfirlit var lagt fram og rætt.

2. Þjónustusamningur um rekstur Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka. Lögð voru fram drög að nýjum Þjónustusamningi við Svf Árborg um rekstur Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka. Byggðasafnið hefur rekið Sjóminjasafnið frá 2001 á grundvelli samnings sem er útrunninn. Nýr samningur gerir ráð fyrir sama samrekstri og áður enda hefur það reynst farsælt fyrir safnastarfið í héraðinu. Stjórn safnsins samþykkir að fela safnstjóra að skrifa undir þjónustusamninginn.

3. Kynningarbæklingar. Safnstjóri kynnti nýútkominn kynningarbækling Byggðasafns Árnésinga sem gefinn var út bæði á íslensku og ensku. Sýlvía Kristjánsdóttir grafiskur hönnuður hannaði bæklinginn en fagmenntaðir starfsmenn safnsins sáu um efnistöð. Bæklingnum hefur verið dreift á yfir 50 ferðamannastaði og upplýsingamiðstöðvar. Einnig á skrifstofur sveitarfélaga héraðsins. Stjórn lýsir ánægju sinni með bæklinginn.

4. Ný heimasíða. Í loftið er komin ný heimasíða sem unnin var af Elínu Maríu Halldórsdóttur vefhönnuði. Slóðin er sem fyrr www.byggdasafn.is.

5. Rekstraráætlun og starfsáætlun ársins 2025. Áætlanirnar eru í vinnslu og verða lagðar fram á næsta stjórnarfund. Engar tímasetningar hafa verið gefnar út af hálfu framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnésinga en samkvæmt stofnskrá skulu áætlanirnar vera tilbúnar eigi síðar en 1. október.

6. Gjöf til safnsins. Sigurður Óli Guðbjörnsson kom á fornbifreiðinni ÁR-67 á fundinn og skoðaði stjórnin gripinn sem er mjög fallegur og sögulegur. Auk Sigurðar Óla er dánarbú Erlings Kr. Ævarrs Jónssonar eigandi bifreiðarinnar. Hann er oftast nefndur „Gistihúsbíllinn á Eyrarbakka“ og er Ford B módel árgerð 1930, vörubíll með farþegaboddii. Eigendur bílsins hafa boðið Byggðasafni Árnésinga hann að gjöf. Þrátt fyrir að bifreiðar séu ekki ofarlega í söfnunarstefnu Byggðasafns Árnésinga leggur safnstjóri til að safnið þiggi bifreiðina. Í ljósi merkrar sögu bifreiðarinnar samþykkir stjórn safnsins að þiggja þessa höfðinglegu gjöf og þakkar fyrir hana. Tekið verður við bifreiðinni til varðveislu sumarið 2025.

7. Starfsemin. Síðast fundaði stjórnin í mars. Frá þeim tíma hefur margt jákvætt gerst á safninu. Mikill tími hefur farið í að fylgja sýningum og viðburðum úr hlaði. Sett hafa verið upp ný kynningarskilti við Húsið. Komin eru upp ný flögg við safnið. Út er kominn nýr kynningarbæklingur. Ný heimasíða hefur litið dagsins ljós. Auglýst er víða í samræmi við naumt framlag safnsins til kynningarmála. Í júní opnaði í borðstofu sýningin „Konurnar á Eyrarbakka“ sem leitt hefur marga gesti á safnið. Í september opnar sýningin Gullspor í Sjóminjasafninu á Eyrarbakka og er sýningin unnin í samvinnu við Gullsmíðafélag Íslands sem er aldargamalt um þessar mundir. Söfnin eru opin

upp á gátt. Aðsókn er góð og fer vaxandi. Framundan er gerð áætlana, senda umsóknir í Safnasjóð og Uppbyggingasjóð Suðurlands. Af innri málum má þar helst nefna að safnkostur Byggðasafns Ölfuss verður skráður í gagnagrunninn Sarp. Safnið hefur sent öllum skólum héraðsins kynnisbréf um mögulegar skólaheimsóknir að óskum hvers skóla.

8. Næsti fundur. Næsti fundur verður 19. september kl. 17.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18,30.

Sandra Sigurðard.
Þórhildur Ingridóttir
Ani Eirík
Gyðskurður